

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársrit 2020

51. árgangur 1. tbl. 2021



BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélög 30, búgreinafélög 5, félagatala 1.226, apríl. 2021.

Aðalstjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, í stjórn frá 2008, formaður frá 2016.
Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, í stjórn frá 2006.
Helgi Eggertsson, Kjarri, í stjórn frá 2017.
Erlendur Ingvarsson, Skarði, í stjórn frá 2012.
Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli, í stjórn frá 2019.

Varastjórn:

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.
Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.
Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.
Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey.

Skoðunarmenn:

Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu, frá 2020
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ, frá 2018.

Starfsfólk:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkv.stj. frá 1. okt. 1987	480-1801
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst 2010	480-1800

Starfsmenn Bændabókhalds ehf.:

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi	480-1802
Björg Agnarsdóttir, Selfossi	480-1832
Hansína Kristjánsdóttir, Selfossi	480-1831
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi	480-1833
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	486-8987
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka	480-1819

Stóra-Ármót, bústjórar:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001	482-1058
--	----------

Kynbótastöð ehf.

Starfsmenn Kynbótastöðvar og starfssvæði:

		Sími
Sveinn Sigurmundsson	Framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996	480-1801
Bragi Ágústsson	Hluti Flóa, Skeið, vesturhluti Árnessýslu	871-2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson	Hreppar, hluti Tungna	871-5563
Guðmundur Jón Skúlason	Rangárþing frá V-Landeyjum, hluti Flóa	871-8611
Hermann Árnason	Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871-1410
Sigríður Böðvarsdóttir	Skaftárhreppur	871-4719

Klaufskurður:

Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482
-------------------------	----------

Sauðfjársæðingar

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986	480-1801
--	----------

Formenn búnaðar– og búgreinafélaga

Formenn búnaðarfélaga 2021:

Ölfus: Kjartan Þ. Ólafsson, Hlöðutúni, 816 Ölfus

Grímsnes: Björn Snorrason, Björk, 801 Selfoss

Bláskógabyggð: Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð, 804 Selfoss

Hrunamannahr.: Benedikt Kristinn Ólafsson, Auðsholti 6, 846 Flúðir

Gnúpverjahlr.: Arnór Hans Þrándarson, Þrándarholti, 804 Selfoss

Skeið: Jón Vilmundarson, Skeiðháholi, 804 Selfoss

Hraungerðishr.: Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti, 803 Selfoss

Sandvíkurhr.: Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss

Eyrarbakka hr.: Jón Ingi Jónsson, Gamla Hrauni 2, 820 Eyrarbakki

Stokkseyrarhr.: Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss

Gaulverjabæjarhr.: Stefán Geirsson, Gerðum, 803 Selfoss

Villingaholtsh.: Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, 803 Selfoss

Ásahreppur: Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella

Djúparhreppur: Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hella

Holt: Daníel Magnússon, Akbraut, 851 Hella

Landsveit: Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella

Rangárvellir: Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga, 851 Hella

Hvolhreppur: Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur

Fljótshlíð: Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, 861 Hvolsvöllur

V-Landeyjar: Jóhann Rúnar Sævarsson, Stíflu, 861 Hvolsvöllur

A-Landeyjar: Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey 2, 861 Hvolsvöllur

V-Eyjafjöll: Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk, 861 Hvolsvöllur

A-Eyjafjöll: Magðalena K. Jónsdóttir, Drangshlíðardal, 861 Hvolsvöllur

Dyrhólahr.: Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík

Hvammsh.: Ingi Már Björnsson, Suður-Fossi, 871 Vík

Álftaver: Páll Eggertsson, Mýrum, 881 Kirkjubæjarklaustur

Skaftártunga: Bergur Sigfússon, Austurhlíð, 881 Kirkjubæjarklaustur

Leiðvallahr.: Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey, 881 Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarhr.: Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ, 881 Kirkjubæjarklaustur

Hörgslandsh.: Bjarki V. Guðnason, Maríubakka, 881 Kirkjubæjarklaustur

Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:

Félag kúabænda Suðurlandi: Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk III

Félag sauðfjárbænda V-Skaftafellss.: Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ 3

Félag sauðfjárbænda Rangárvallasýslu: Ragnar M. Lárusson, Stóradal

Félag sauðfjárbænda Árnessýslu: Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2

Skýrsla formanns

Síðasti aðalfundur BSSL var haldinn sem fjarfundur vegna kórónuveirunnar, en fjöldatakmörkanir voru á samkomum. Þetta fundarform gekk ágætlega en er ekki æskilegt á svona stórum fundum. Kosið var um stjórn í Árnessýslu, Helgi Eggertsson og Gunnar Kr. Eiríksson gáfu kost á sér og voru kjörnir til áframhaldandi stjórnarsetu í aðalstjórn. Varamenn voru kjörnir Ragnar Sigurðsson og Þórunn Andréadóttir. Skoðunarmenn reikninga til næstu 2ja voru kosnir Rafn Bergsson og Valdimar Guðjónsson. Stjórn skipti með sér verkum, Gunnar formaður, Ragnar varaformaður, Björn ritari, Erlendur og Helgi meðstjórnendur.

Á árinu 2020 voru haldnir 5 stjórnarfundir, endurbætur voru gerðar á skrifstofuhúsnæði BSSL, stækkun á kaffistofu og opnum rýmum breytt í 2 skrifstofur. Ekki voru haldnir hrútafundir á haustdögum vegna samkomutakmarkana en hrútakosturinn kynntur á netinu eins og kostur var.

Ákveðið var að fjárfesta í mjaltþjón að Stóra-Ármóti í samvinnu við bústjóra þar. Er hann væntanlegur nú í apríllok. Fjárhagsstaða búins er sterk og munu kaup á mjaltþjóni ekki breyta því.

Vinna að breytingum á félagskerfinu hafa tekið töluverðan tíma en í stærstum dráttum eru breytingarnar fólgnar í því að bein félagsaðild bænda verður að Bændasamtökum Íslands, búgreinafélög sameinast BÍ, búnaðarsamböndin verða áfram landshlutasamtök bænda og sinna skilgreindum verkefnum.

Á Búnaðarþingi sem var haldið 22.-23. mars s.l. var samþykkt að vinna áfram að þessum félagskerfisbreytingum en á síðari stigum komi landbúnaðarfyrtæki til liðs við félagskerfið og styrki stoðirnar.

Auka Búnaðarþing verður haldið 10.júní og verður félagskerfisbreytingin lögð þar fyrir til samþykktar. Verði hún samþykkt mun nýtt kerfi taka við 1.júlí 2021.

Að lokum þakka ég stjórn, starfsfólki og bændum gott samstarf á árinu

Gunnar Kr. Eiríksson.



Fjosið á Stóra-Ármóti eftir breytingar. *Ljósmynd Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir*

Starfsemi Búnaðarsambandsins 2020

Tíð var óhagstæð og illviðrasöm í byrjun árs og að mestu leyti fram að páskum. Meðalvindhraði var meiri en vant er og loftþrýstingur lægri. Illviðri voru mjög tíð og miklar samgöngutruflanir voru vegna óveðurs, mikils fannfergis og snjóþynsla norðan- og austanlands og á Vestfjörðum. Mikið austanveður gekk yfir landið þann 14. febrúar og bættist í hóp verstu illviðra síðustu ára. Maí og júní voru hagstæðir en júlí fremur kaldur. Framan af ágúst rigndi mjög um landið sunnan- og vestanvert en hlý og hagstæð tíð var þá norðaustanlands. September var fremur svalur en október hlýr og hægviðrasamur. Mjög snjólétt var á landinu í nóvember og desember. Hvassviðri voru tíð en samgöngur röskuðust þó lítið vegna snjóleysis.

Hvað landbúnaðinn áhrærir þá var ekkert kal en verulegt girðingatjón varð í austanhreinu einkum í Rangárþingi eystra. Það voraði vel og tíð til heyskapar hagstæð. Heyfengur var yfirleitt mikill og góður. Korn þroskaðist fremur vel og tíð til þreskingar fremur hagstæð. Uppspera garðávaxta var góð.

Formannafundur var haldinn að Stóra Ármóti 24. janúar. Farið var í heimsókn í einangrunarstöð Nautís. Yfirlit yfir starfsemi Búnaðarsambandsins og Nautís var flutt. Jóhann Nikulásson flutti erindi um endurskoðun félagskerfisins en hann er formaður nefndar sem skipuð var á síðasta Búnaðarþingi og á að skila tillögum á næsta þing.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var í Gunnarsholti 11. febrúar. Afurðahæsta kúabú Suðurlands árið 2019, Huppustyttan var veitt Reyni Þór Jónssyni og Fanneyju Ólafsdóttur ábúendum að Hurðarbaki í Flóa. Afurðahæsta kúr á

Suðurlandi árið 2019 var Spurning 1818 frá Svövu Kristjánsdóttur og Boga Pétri Eiríkssyni í Birtingaholti 1, Þyngsta ungneytið var holdablendingur nr. 007 frá Pálinu Pálsdóttur á Mýrum í Álftaveri.

Gerður var samningur við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um að Búnaðarsambandið kæmi að eftirfylgni við skil á haustskýrslum fyrir Suðurland og austur í Lón. Alls voru rúmlega 1000 skýrslur búfjáreiganda sem ekki hafði verið skilað en þegar betur var að gáð þurfti verulega tiltekt í gagnagrunninum Bústofni en margir búfjáreigenda þurftu að skila fleiri en einni skýrslu.

Kórónuveiran kom til landsins um mánaðarmótin febrúar/mars og fór að hafa veruleg áhrif á starfsemina þegar leið á mars. Vinnustaðnum var tvískipt og helmingur starfsmanna vann heima meðan hinir voru á skrifstofunni og svo var skipt á 3ja daga fresti. Öllum fundum og samkomum var aflýst vegna samkomubanns. Þegar að innanlandsmitunum fór að fækka var aðeins slakað á og við hættum að hólfaskipta starfseminni þegar kom fram í apríl. Aðalfundinum var stöðugt frestað



Verðlaunahafar Huppustyttunar 2020, afurðahæsta kúabúið á Suðurlandi annað árið í röð hjá Reyni og Fanneyju, Hurðarbaki.

Ljósmynd Magnús Hlynur Hreiðarsson

og varð hann á endanum haldinn 18. nóvember sem fjarfundur. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir í síma og sem fjarfundir. Það hefur bæði kosti og galla. Sparar mikinn tíma og kostnað við ferðalög en á hinn bóginn er líka nauðsynlegt að hittast af og til. Það er samt hægt að spara mikinn tíma og fjármuni með skynsamlegri notkun fjarfunda en þá þarf fólk líka að læra að tileinka sér þessa tækni. Haustfundir sauðfjárræktarinnar voru ekki haldnir að þessu sinni. Í staðinn var RML með streymifund með kynningu á hrútakosti stöðvanna.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands sá 112. var haldinn 18. nóvember sem fjarfundur. Alls mættu 34 fulltrúar af 44 sem höfðu rétt á fundarsetu frá 21 búnaðarfélagi og 4 búgreinafélögum. Fyrir utan hefðbundinn aðalfundarstörf ræddi Oddný Steina Valsdóttir varaformaður BÍ um fyrirbyggjandi tillögur frá BÍ um breytingar á félagskerfi bænda. Kosið var um 2 fulltrúa í stjórn úr Árnessýslu en Gunnar Kr. Eiríksson og Helgi Eggertsson voru kosnir í stjórn til næstu þriggja ára og varamenn þeirra Ragnar Sigurðsson og Þórunn Andrésdóttir.

Búnaðarsambandið heldur úti heimasíðu og birti 30 fréttir á árinu auk fundargerða og upplýsinga um starfsemina.

Búnaðarsambandið sá um úttektir vegna styrkja sem veittir eru samkvæmt búvörusamningum til jarðræktar og á uppskorin tún undir umsjón ANR. Heildarstyrkur vegna jarðræktar var 382 milljónir og 380 milljónir í landgreiðslur. Styrkur á ha var kr. 32.096 vegna jarðræktar og kr. 4.831 á ha vegna uppskorinna túna. Þá voru veittir styrkir á útiræktað grænmeti alls á 516 ha á 291 spildu og var greitt 113.240 kr/ha en 70 milljónir voru til skiptanna. Tjón vegna ágangs álfta og gæsa var tekið út á 213 ha hjá 33 bændum og námu bætur 3,1 milljón. Skilyrði fyrir úttekt er að til staðar séu viðurkennd stafræn tunkort teiknuð í loftmyndagrunn BÍ og skýrsluhald í Jörð. Búnaðarsambandið sá líka um úttektir í Austur-Skaftafellssýslu. Úttektarvinnan felst m.a í því að yfirfara umsóknir og bera þær saman við loftmyndir og gervitunglamyndir eftir

Tafla 1. Yfirlit um afurðir – magn og eiginleika, árin 2000-2020

Ár	Árskýr	Nyt- árskýr kg	Sæti	Fitu %	Prótein %	Frumutala x 1000	Gerlatala
2000	56	4422		3.82	3.27	336	31.916
2002	47	5378	204	3.87	3.32	263	11.875
2004	40	6248	52	3.83	3.29	299	12.812
2006	42	6357	58	4.00	3.41	343	10.916
2008	45	6321	75	4.06	3.47	325	11.920
2010	43,8	6972	16	4.18	3.49	230	9.420
2011	43,4	6518	58	4.18	3.45	164	8.540
2012	46,8	6655	53	4.17	3.43	174	10.404
2013	42,1	6.798	45	4.37	3.55	232	11.100
2014	47,3	6.844	47	4.16	3.47	172	9.600
2015	51,8	6628	99	4.19	3.52	223	12.000
2016	47,4	7027	77	4.12	3.40	249	12.000
2017	51,2	6259	212	4.19	3.47	199	6.000
2018	53,4	7343	69	4.20	3.41	167	5.000
2019	52,5	6902	126	4.51	3.40	153	6.000
2020	47,8	7356	72	4.66	3.51	182	8.000

mismunandi dagsetningum og heimsækja bændur eftir tilviljunarkenndu úrtaki.

Fjölmörg önnur verkefni má nefna; Mat á girðingatjóni í Rangárþingi eystra, umsagna vegna stofnunar lögbýla, aðstoð við umsóknir og úttektir vegna vatnsveita á lögbýlum, aðstoð við greiðslumarksviðskipti, úttektir vegna styrkja í Framleiðnisjóð og mat á því að land sé tekið úr landbúnaðar-notum og tunkortagerð.

Ráðist var í framkvæmdir við skrifstofuhúsnæðið, kaffistofan stækkuð og opið rými sem snýr að Austurvegi var breytt í 2 skrifstofur.

Í bændabókhaldi lét Kristín Björnsdóttir af störfum á miðju ári en í hennar stað var Björg Agnarsdóttir ráðinn en hún er að ljúka við nám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Helga Sigurðardóttir var í veikindaleyfi frá 1.mars og út árið.

Búnaðarsambandið kom að starfsemi Nautís með því að sjá um bókhald og framkvæmdastjórn, auk þess sem undirritaður kemur að vigtun, sæðis-töku og fleiri verkum.

Stóra Ármót

Heyskapur hófst 25. júní en búið var að heyja fyrir mjólkurkúrarnar þann 1. júlí. Fyrri slætti lauk 17. júlí en þá höfðu náðst 1.007 rúllur af 66 ha. Há var sleginn á 43 ha og grasfræi skjólsáð með höfrum í 7,5 ha. Heildaruppskera var 1.338 rúllur. Korn var sáð í 18 ha. Uppspera var rúm 58 tn og miðað við 85 % þurrefni er það 4,5 tn af ha

Framleiðsluréttur búins var árið 2020, 329.082



Á Stóra Ármóti. Ljósmynd Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir

lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgripaæktarinnar eru afurðir á árskú 2020 7.356 kg sem er hækkun milli ára. Innlögð mjólk á árinu var 332.621 þúsund lítrar. Efnainnihald innleggsmjólkur var (tafla 1), prótein 3,51% og fita 4,66%, frumutala var 182.

Í rekstrargreiningu sem unnin var af Runólfi hjá RML kemur fram að breytilegi kostnaðurinn er heldur hærri en meðaltal 90 annarra kúabúa sem skýrist aðallega af tveimur þáttum. Kjarnfóðurlíðurinn í kr/ltr er aðeins hærri en á samanburðarbúunum en á móti kemur mun herra afurðastig. Áburðar og frækostnaður er töluvert hærri en á samanburðarbúunum en veruleg heysala til Nautís og kornrækt koma á móti.


Á árinu var mikið girt af fjárheldum girðingum og víða sett ný hlið. Skipt var um glugga í fjósinu og þakið endurnýjað að hluta. Framhlið og suðurhlið var klædd með hvítu stáli og einangrað.

Þá var keyptur nýr haugtankur. Alls var fjárfest fyrir 10,7 milljónir.

Eðlilegt er að velta fyrir sér stöðu og hlutverki Stóra Ármóts. Ljóst er að ekkert samstarf er sem stendur við LbhÍ og líka að skólinn hefur markað sér stefnu um að vera með fóður- og nautgripa-tilraunir á Hvanneyri. Góðir möguleikar eru á að framkvæma jarðræktartilraunir á Stóra Ármóti þar sem um mismunandi jarðvegsgerðir er að ræða. Góð samvinna og samlegðaráhrif er við starfsemi Nautís. Sú hugmynd að hætta með fêð og taka fjárhúsið undir Angus holdakýr með það að markmiði að selja lífdýr hlaut ekki hljómgrunn meðal stjórnarinnar. Bæði er að í gjafabréfinu eru tilmæli um að sauðfjárrækt sé stunduð á búinu og líka að æskilegt væri að gera meira af athugunum eða tilraunum tengdu sauðfé. Hófleg sauðfjárbætt er landbót og getur haft jákvæð áhrif á bindingu kolefnis. Sú

hugmynd hefur komið fram að nota kúabúið sem ræktunarkjarna þegar farið verður að nota úrval út frá erfðamörkum í ræktunarstarfinu. Fundarsalurinn hefur nýst til bændafrunda og námskeiðahalds og margir möguleikar á að nota búið bændum til hagsbóta. Samþykkt var að hefja undirbúning við að kaupa mjaltþjón og eftir að tilboða var leitað var ákveðið að ganga til samninga við Landstólpa um kaup á Fullwood/Merlin mjaltþjóni.

Rekstrartekjur voru 61,4 milljónir og rekstrargjöld með 6 milljóna króna afskriftum upp á 55,8 milljónir en EBIDTA/rekstrarafgangur 12,3 milljónir. Skuldir búins eru einungis við móðurfélagið síðan að einka-



Afurðir árskúa á Stóra Ármóti samanborið við landsmeðaltal.

Tafla 2. Sæddar ær frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands 2015-2020

	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Bs. Kjalarnes	30	35	52	32		42
Borgarfj.	45	61	58	103	71	94
Snæf.	25	12	40	30	81	108
Dalir			12		41	45
Ísafjarðars.						28
Húnavatnss.	1.688	1.091	906	1.400	2.003	1.580
Skagafjörður	666	482	825	786	1.272	877
Eyjafjörður	630	250	410	413	672	739
S-Þing.	584	531	868	648	1.041	959
N-Þing.	361	313	513	329	707	736
Austurland	803	988	1.044	603	808	1.314
A-Skaft.	1.193	1.437	1.316	1.558	1.808	1.598
V-Skaft.	1.049	1.152	774	1.174	1.383	1.375
Vestm.eyjar	10					
Rang.	1.902	1.645	1.640	2.036	2.483	2.298
Árness.	2.764	2.373	2.131	2.793	3.200	3.284
Landið	11.750	10.371	10.589	11.905	15.570	15.077

hlutafélagið var stofnað 31,3 milljónir. Eignir í stofnsjóðum eru hinsvegar 43,1 milljónir, mest í Auðhumlu eða 41,5 milljónir.

Í lokaorðum rekstrargreiningarinnar má sjá; ”*Ljóst er að búið á Stóra Ármóti mun skila eigendum sínum umtalsverðum hagnaði næstu ár, að lágmarki 6 til 7 milljónir króna á ári og mögulega mun hærri tölum. Í heildina er reksturinn á Stóra Ármóti í samræmi við vel rekið kúabú, miðað við rekstur ársins 2020, afurðastig er mjög hátt og efnainnihald mjólkur mjög gott.*”

Sauðfjarsæðingastöð.

Heilsufar hrútanna var með besta móti og engin afföll frá því í mars og út árið. Djúpfrystingin hófst um miðjan nóvember en þá voru allir nýju hrútar stöðvanna komnir og búið að meta þá og skoða af ráðunautum RML. Sæðisgæði eftir frystingu eru varla ásættanleg en rétt um helmingur af sæðinu stenst gæðamat og náðust aðeins 727 skammtar af frosnu sæði þetta haustið. Áhugi á að fá frosið sæði var svipaður og verið hefur en alls voru um 400 skammtar sendir út. Það eru fyrst og fremst bændur um norðaustananvert landið og í Ísafjarðarsýslu sem nota frosið sæði. Árangur er ekki nógu góður

en full þörf á því að rannsaka betur heppilegan sæðingatíma eftir að ærin byrjar að blæsmi og verður stefnt að því að framkvæma slíka athugun næsta haust.

Fanghlutfall með fersku sæði frá Sauðfjarsæðingastöðinni var 68% og 1,89 fædd lömb eftir á en því miður aðeins 36 % fanghlutfall og 1,63 lömb eftir á með frystu sæði.

Sæðistökuvertíðin var sú 53 í röðinni og var þátttaka meiri en í fyrra og endaði í 11.750 ám sem sæddar voru með fersku sæði. Veðurfar var hagstætt fyrir utan hvassviðri við suðurströndina fyrstu dagana. Engin sending misfórst vegna veðurs. Heildarútsending var 18.200 skammtar af hrútasæði og nýtingin um 65%. Sæðistakan gekk nokkuð vel en sæðisgæði eru misjöfn og óvenju margir hrútar tæpir í þeim. Ekki náðist sæði úr Mínusi frá Mýrum þar sem hann var úr liði á afturfæti og

ekki um annað að ræða en farga honum. Muninn frá Ysta-Hvammi gaf alónýtt sæði í frýstingunni og framan af, en 9. desember voru sæðisgæði úr honum komin í lag. Ásókn í hrútana var óvenju jöfn. Mest af sæði var sent úr Blossa 16-837 frá Teigi í 1.695 ær, Amori 17-831 frá Snartarstöðum í 1.395 ær, Berki 17-842 frá Kjalvarastöðum í 1.245 ær og Heimakletti 16-826 frá Hriflu í 1.235 ær. Af kollóttum hrútum var mest sent úr Fálka 17-825 frá Bassastöðum í 1075 ær og svo Þristi 18-856 frá Stað í Steingrímsfirði í 900 ær.

Mikið er til af upplýsingum um mat á sæði úr einstökum hrútum mörg ár aftur í tímann. Það væri mjög áhugavert að sjá hvort eitthvert samhengi væri þar á milli við fanghlutfall. Því var haft samband við LbhÍ og Tinna Kristjánsdóttir frá Meiri Tungu ætlað að taka það sem Bsc verkefni.

Ármann Sverrisson er aðstoðarmaður við sæðistöku, leiðir hrútana fram og sér um akstur á hrútasæði austur í sveitir. Páll Stefánsson dýralæknir sér um gæðamat á sæði og sæðisblöndun. Páll Þórarinnsson sér um sæðistöku og gegningar í hrútahúsi. Þóra Þórarinsdóttir fyllir á sæðisstráin, gengur frá pöntunum, sér um þrif og akstur í uppsveitir. Ólafur Þór Þórarinnsson sér um



Blossi frá Teigi 16-837. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

akstur á sæði til Reykjavíkur en Sveinn Sigurmundsson sér um skipulag, tekur við pöntunum og deilir út sæðinu.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð ehf. sér um sæðingastarfsemi á Suður- og Austurlandi en þar voru framkvæmdar 21.147 sæðingar árið 2020 sem er 46 % sæðinga í landinu. Á Búnaðarsambandsvæðinu voru 18.697 sæðingar sem er fækkun um 1.670 sæðingar en á öllu svæðinu var fjölgun um 1.518 sæðingar milli ára.

Gestur Jens Hallgrímsson á Blöndubakka sinnir svæðinu kringum Egilsstaði, auk Hánefsstaða og Skorrastaða en Sigurður Max Jónsson á Sköldólfsstöðum í Breiðdal sinnir kúabúum á Suður-Fjörðum. Aðrir frjótæknar eru; Orri Brandsson fyrir Austur Skaftafellsýslu, Sigríður Böðvarsdóttir

fyrir Skaftárhrepp, Hermann Árnason á Hvolsvelli sér um svæðið austan Hvolsvallar og að Vík. Guðmundur Jón Skúla-son sér um vesturhluta Rangárvallasýslu og hluta Flóans. Úfhéðinn Sigumundsson er í uppsveitum Árnessýslu, en Bragi Ágústsson á Selfossi er með lágsveitir og vesturhluta Árnessýslu. Aðrir afleysingamenn eru Halldór Eiðsson, Birkir Þrastar-son, Bjarki Guðmundsson, Eypór Karl Ingason og Bergur Sigfússon í Austurhlíð í Skaftártungu sem kom inn sem nýr afleysingamaður. Friðrik Reynisson er afleysingamaður í Austur-Skaftafellssýslu.

Klaufsnyrting var framkvæmd á 5.600 kúm á 100 kúabúum á síðasta ári sem er svipað og árið á undan. Meðalverð á kú var um 1.800 kr. Birkir Þrastarson frá Hæli sér um klaufsnyrtinguna. Það líður að endurnýjun á básnum sem keyptur var árið 2007 og hefur reynst afar vel.

Rekstrarkostnaður bílanna var tæpar 58 kr/km með afskriftum en kostnaður án afskrifta var rúmar 35 kr/km. Ákveðið var að afskrifa bílana um 20% á ári í stað 10% á ári sem er nær lagi miðað við þann mikla akstur sem er á þeim. Hagstæðustu bílarnir fara niður í 35 kr/km með afskriftum. Mikil þróun hefur verið í gerð rafbíla. Um leið og völ er á heppilegum rafbíl til nota í sæðingum þá mun Kynbótastöð ehf festa kaup á slíkum bíl. Hann þarf að hafa fjórhjóladrif og raundrægni allt að 350 km við krefjandi aðstæður sem er þung færð vindur og kuldi.

	HiLux 2015	Nissan Qashqai 2015	Isuzu D-Max 2019	Nissan Qashqai 2019	Subaru Impreza 2006	Benz Atego Klaufskurð	Subaru Forester 2016	Qashqai 2020	HiLux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	AN-A87	EP-M68	AFL70	RUY62	PP-033	NG-056	LF-K61	LVL35	MP-526	
Eldsneyti	359.920	273.440	847.328	763.247	89.142	352.272	887.481	390.620	196.996	462.272
Dekk	11.210	3.630	51.234	111.624	13.718	23.601	152.642	146.605	35.389	61.073
Viðgerðir/Smurning	81.882	612.864	290.391	965.226	185.770	503.039	1.065.543	161.466	73.149	437.703
Skattar	35.850	8.325	39.450	21.450	40.050	125.546	25.350	8.757	43.650	38.714
Tryggingar	136.106	136.106	195.202	191.294	136.106	161.954	136.106	120.072	136.106	149.895
Annað		78.906				15.331	7.600			33.946
Afskriftir/sölutap/hagn	293.902	2.697.222	842.350	721.974	25.748	240.570	627.504	862.236	37.179	705.409
Samtals	918.870	3.810.493	2.265.955	2.774.815	490.534	1.422.313	2.902.226	1.689.756	522.469	16.797.431
Staða mælis í upphafi árs	79.862	297.694	13.220	41.959	404.790	306.111	280.415	0	186.000	
Staða mælis í lok árs	102.086	321.500	65.000	107.687	409.489	314.740	349.681	36.824	199.371	
Áætlaður akstur á ári	22.224	23.806	51.780	65.728	4.699	8.629	69.266	36.824	13.371	296.327
Kostnaður á km án afskr.	28.12	46.76	27.49	31.23	98.91	136.95	32.84	22.47	36.29	35.26
Kostnaður á km m. afskr.	41.35	160.06	43.76	42.22	104.39	164.83	41.90	45.89	39.07	56.69
Eldsneyti og skattar á km	17.81	11.84	17.13	11.94	27.49	55.37	13.18	10.85	18.00	20.40
Lítrar á 100 km.	9.47	6.72	9.57	6.79	11.10	23.88	7.49	6.20	6.95	9.80

Tafla 3. Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2020

Fanghlutfall í sæðingum lækkaði því miður úr 64 % miðað við 56 daga frá 1. sæðingu í 63 %. Lækkun í fanghlutfalli er áhyggjuefni en til hefur staðið að vera með beiðslisgreiningarnámskeið fyrir bændur sem hefur frestast út af samkomutakmörkunum. Stöðugt eftirlit er með árangri frjótækna og í september héldum við samræmingarfund á Stóra-Ármóti með frjótæknum þar sem þeir báru saman bækur sínar og farið var yfir verklag og vinnubrögð. Fundurinn var mjög gagnlegur en þar var m.a. rætt um margskráningar frjótækna frá því að pöntun á sæðingu er gerð og þangað til að búíð er að ganga frá skráningum í Huppu. Framtíðin hlýtur að vera að pantanir og skráning fari saman og skráð sé í Huppu um leið og sæðingu er lokið.

Lokaorð

Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra-Ármóti eru 318,6 milljónir sem er heldur aukning frá fyrra ári. Rekstrargjöld eru 313,9 milljónir og er því rekstrarhagnaður upp á 4,7 milljónir. Fjármunaliðir skila 7,4 milljónum sem er meira en á fyrra ári en markaðsverðbréfin skiluðu rúmum 2 milljónum meira nú en í fyrra. Hagnaður með vaxtatekjum er því 12,1 milljónir króna en eftir skatta er það 10,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 267,2 milljónir. Eignir eru alls 311,7 milljónir. Veltufjármunir eru 164,7 milljónir á móti 160,3 milljónum. Eiginfjárhlutfall er 94 %.

Bændabókhaldið veltir 43,9 milljónum og er með 815 þúsund í tap.

Kynbótastöð ehf. er með veltu upp á 174,2 milljónir og hagnað upp á 1,8 milljónir króna þrátt fyrir að sæðingagjöld voru óbreytt á árinu.

Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 57,7 milljónum og tap upp á 1,3 milljónir en þegar búíð var að taka tillit til dótturfélags og skatta er hagnaður rúmar 10 milljónir.

Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru 61,4 milljónir en rekstrargjöld eru 55,8 milljónir og hagnaður 4,1 milljónir þegar búíð er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða.

Rekstur fyrirtækjanna er í jafnvægi og niðurstaðan vel ásættanleg.

Búnaðarsambandið er með 1.226 félagsmenn í 35 aðildarfélögum. Nú stefnir í að félagskerfi bænda verði einfaldað og búgreinafélögin sameinist BÍ. Samþykktum Búnaðarsambandsins

verður að breyta og laga að samþykktum BÍ og nýjum veruleika. Óformlegar viðræður eru hafnar við Búnaðarsamband Austur Skaftfellinga að þeir gerist aðilar að Búnaðarsambandinu en í nýjum tillögum um félagskerfið er gert ráð fyrir því að 2 fulltrúar komi inn á Búnaðarþing fyrir Suðurland. Einn fyrir Skaftafellssýslurnar og annar fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu. Vel mætti hugsa að kosning svæðisbundinna fulltrúa búgreinadeilda til Búnaðarþings færi fram á aðalfundi samtakanna. Í vinnu BÍ um endurskipulagningu félagskerfisins kom skýrt fram að mikilvægt væri að efla starfsemi búnaðarsambanda enda eru þau grasrótarsamtök bænda og félaga þeirra heima í héraði og um leið að auka samstarf og tengsl þeirra við Bændasamtökin.

Stefna Búnaðarsambandsins er að vinna í sem mestum og bestum tengslum við bændur og félög þeirra á svæðinu. Stóra spurningin er hinsvegar alltaf hvernig koma þau að sem mestu gagni fyrir bændur.

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Sveinn Sigurmundsson



Kýr á Stóra-Ármóti. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

Innflutningur á erfðafni úr Angus gripum frá Noregi til Íslands

Þegar ákveðið var að auka gæði íslenskrar nautakjötsframleiðslu varð Aberdeen Angus kynið fyrir valinu m.a vegna þess að það eru góð beitardýr og nýta gróffóður vel. Leitað var til frænda okkar í Noregi um að fá aðgang að ræktunarstarfi þeirra. Í framhaldi af því var gerð reglugerð sem heimilar innflutning á sæði og fósturvísunum úr Angus gripum frá Noregi.

Ákveðið var að byggja einangrunarstöð á Stóra-Ármóti og haustið 2017 voru fluttir inn fósturvísar frá Noregi. Þeir voru settir upp í íslenskar kýr í desember og í september 2018 fæddust 12 kálfar, 5 naut og 7 kvígur. Kálfarnir voru undan Lis Great Tigre nema einn nautkálfur sem var undan First Boyd og hlaut nafnið Draumur.

Kálfarnir fóru í 9 mánaða einangrun og sýndu strax góða vaxtargetu og þá sérstaklega Draumur sem var að vaxa um 1700 gr á dag. Við lok einangrunar var tekið sæði úr nautunum sem stóð kúa- og nautgripabændum á Íslandi til boða. Nautin voru svo seld í holdanautahjarðir. Kvígurnar voru síðan fluttar á næsta bæ sem er Stóra-Ármót, sæddar með sæði úr Draumi og fósturvísunum skolað úr þeim. Það náðust 46 fósturvísar sem seldir voru til bænda. Nú hafa 40 vísar verið settir upp í kýr og

staðfest fang í 8 kúm

Árið 2019 fæddust svo 11 kálfar, 4 naut og 7 kvígur. Þeir voru undan Hovin Hauk, Horgen Erie og Lis Great Tigre. Kálfarnir undan Hovin Hauk voru áberandi langvaxnir og með mikinn vaxtarhraða og nautið Haukur var að vaxa 1835 gr á dag



Sopinn er góður. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

fyrsta árið. Kálfarnir undan Horgen Erie voru mun lágfættari en vel holdfylltir. Sæðistaka að lokinni einangrun gekk vel en meiri áhersla var lögð á tamningu og umgengni.

Síðasta sumar fæddust 6 kálfar undan Emil av Lillebakken, 3 kvígur og 3 naut en 2 kýr létu kálfum sínum rétt fyrir burð

Nautkálfarnir 9 talsins voru seldir bændum að lokinni sæðistöku bæði árin en alls voru teknir 6.500 skammtar úr þeim áður. Bændur hafa þegar notað um 2.000 skammta en fyrstu blendingskálfarnir fæddust síðasta vor. Kvígurnar eru orðnar 16 og voru 13 þeirra sæddar með Jens av Grani. Þær hafa allar fest fang og eru byrjaðar að bera þegar þetta er ritað. Þá bera 3 kýr með kálfum undan Emil av Lillebakken í sumar.

Fyrirhugað er að koma upp hjörð með allt að 25 hreinræktuðum Angus kúm á einangrunarstöðinni og sæða þær með bestu Angus nautunum sem völ er á í



Valur-ET 19402. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

Noregi. Að lokinni 9 mánaða sóttkví innan einangrunarstöðvarinnar er heimilt að selja lifandi grip til bænda en holdanautabændur sækjast eftir því að fá þarfanaut í hjarðir sínar en margir koma sér líka upp aðstöðu til að geta notað sæðingar. Á næstu árum mun Nautís selja lifandi grip bæði naut og kvígur til bænda auk þess sem fósturvísar verða skolaðir úr völdum gripum.



Afturhlutinn á Emma, Erp og Eðal. Ljósmynd Sveinn Sigurmundsson

Íslendingar hafa fengið aðgang að ræktunarstarfi Norðmanna með Angus kynið og fá að flytja inn besta erfðaeefnið sem völ er á hverju sinni.

Nú í vetur hafa kálfarnir 6 undan Emil av Lillebakken þroskast og tamist vel. Þetta eru snotrir, jafnvaxnir og geðgóðir gripir. Nautin hafa vaxið nærri 1600 gr/dag að jafnaði og kvígurnar milli 1200 - 1300 gr/dag. Kálfarnir eru viðraðir af og til í gerði fyrir utan stöðina og svo voru settar upp læsigrindur sem gerir alla meðhöndlun mun auðveldari.

Kvígurnar sem fæddar voru 2018 hafa verið að

bera í febrúar/mars en þær höfðu verið sæddar með Jens av Grani. Þegar þetta er ritað hafa 6 kálfar fæðst, 3 kvígur og 3 naut. Burður hefur gengið vel og eru kvígurnar góðar mæður.

Fyrirhugað er að skola einhverjar af þessum kvígum en þeir fósturvísar verða að notast innan búans. Það fer engin gripur út af búinu fyrr en að lokinni 9 mánaða einangrun.

Búið er að panta 50 sæðisskammta úr Laurens av Krogdal og 20 fósturvísa sem verða teknir með vorinu.



Angus kvíguhópur, fæddar 2019. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

112. aðalfundur

Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 18. nóvember 2020 sem fjarfundur

1. Fundarsetning og ávarp - Gunnar Kr. Eiríksson formaður BSSL.

Gunnar Kr. Eiríksson á Túnsbergi setti fundinn með fjarfundabúnaði kl 13 og bauð fulltrúa og gesti velkomna að skjánum og þar með á fundinn. Hann gerði það að tillögu sinni að Sigurður Eypórsson framkvæmdastjóri BÍ stýrði fundi og að Gunnar Ríkharðsson starfsmaður BSSL ritaði fundargerð. Formaður fór yfir starf stjórnar á liðnu ári en taldi að kynntar breytingar á skipulagi Bændasamtakanna væru óásættanlegar að sínu mati gagnvart Búnaðarsambandi Suðurlands.

2. Ávarp formanns BÍ - Gunnar Þorgeirsson

Ræddi m.a. um nýtt skipulag Bændasamtakanna og lagði áherslu á samstöðu bænda.

Ræddi tollamál og misræmi í skráningu innflutnings og hugsanlegar breytingar í farvatninu. Sagði frá breytingum á útboði tollkvóta sem gefist hefur illa að mati bænda.

Hulda Brynjólfsdóttir og Kjartan Ólafsson lögðu orð í belg varðandi erindi formanns.

3. Farið yfir kjörbréf – Sigurður Eypórsson fundarstjóri

Fundarstjóri lét fulltrúa staðfesta viðveru sína við skjáinn. Niðurstaðan var að mættir voru

34 fulltrúar af 44 sem rétt áttu á fundarsetu frá 23 búnaðarfélögum og 5 búgreinafélögum.

Sjá töflu aftast í fundargerð.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra: Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins og helstu lykiltölur dótturfyrirtækjanna ásamt helstu atriðum úr starfseminni.

Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra-Ármóti eru 334 milljónir en þegar búið er að taka innbyrðis sölu milli fyrirtækjanna út eru það 309,7 milljónir sem er aukning frá fyrra ári úr 291 milljónum. Rekstrargjöld eru 306 milljónir og er því rekstrarhagnaður upp á 3,6 milljónir. Fjármunaliðir skila 5,8 milljónum sem er meira en á fyrra ári. Hagnaður með vaxtatekjum er því 9,5 milljónir króna en eftir skatta er það 9,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 257,1

milljónir. Eignir eru alls 309 milljónir. Veltu-
fjármunir eru 165,5 milljónir á móti 160,3 mill-
jónir. Eiginfjárhlutfall er 92 %.

Bændabókhaldið veltir 43,8 milljónum og er með 143 þúsund í hagnað.

Kynbótastöð ehf. er með veltu upp á 170,3 mill-
jónir og hagnað upp á 4,7 milljónir króna sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári en þá var tæplega 14 milljón króna tap. Sæðingar á Suðurlandi eru með ódýrustu sæðingar á landinu fyrir utan Eyja-
fjörð.

Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 56,7 milljónum og tap upp á 1,2 milljónir en þegar búið var að taka tillit til dótturfélags og skatta er hagnaður rúmar 9 milljónir.

Rekstrartekjur á Stóra-Ármóti voru 63,2 milljónir en rekstrargjöld eru 58,8 milljónir og hagnaður 5,2 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða.

5. Umræður um skýrslur og reikninga og þeir bornir undir atkvæði

Haraldur Einarsson taldi að hafa ætti bíla Kynbótastöðvar í kaskó tryggingu og spurði hvers vegna kosið var að fá úttekt Creditinfo á rekstri BSSL. Sveinn svaraði og sagði að BSSL hafi ekki beðið um neina úttekt og ekki lagt í neinn kostnað vegna hennar.

Ragnar Sigurðsson spurði varðandi tilraunamál á Stóra-Ármóti. Sveinn sagði að LbhÍ hafi áhuga á að byggja upp aðstöðu á Hvanneyri en hafi ekki mikinn áhuga á að nýta aðstöðu á Stóra-Ármóti.

Samúel spurði hvað hefði verið gert í hagsmunagæslu fyrir bændur á síðasta ári.

Sveinn og Gunnar reifuðu málið en Búnaðarsambandið sinnir marghátuðum verkefnum sem snúa að hagsmunum bænda, má þar m.a. nefna hagkvæmar sæðingar bæði fyrir kýr og kindur, úttektir vegna jarðræktar, landgreiðsna og garðyrkju og auk þess fá félagsmenn 15% afslátt frá raforkuverði sem á búi eins og Stóra-Ármóti nemur 130 þúsundum króna á ári.

Haraldur spurði varðandi framtíðar áform á Stóra-Ármóti. Sveinn taldi mikla möguleika á ýmiss konar starfsemi þar fyrir bændur t.d. námskeiðahald og ýmsar athuganir.

Gunnar Þorgeirsson taldi að tengja þyrfti LbhÍ betur við grasrótina þ.e. bændurna sjálfa. Sagði frá erfiðum samskiptum garðyrkjubænda við forsvarsmenn LbhÍ varðandi starfsemi á Reykjum í Ölfusi. Reikningar BSSL því næst bornir undir atkvæði og samþykktir á rafrænan hátt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Oddný Steina Valsdóttir varaformaður BÍ fjallar um tillögur BÍ um breytingar á félagskerfinu. Í nýjum tillögum er m.a. lagt til að bændur hafi beina sjálfstæða aðild að Bændasamtökum Íslands, en aðild þeirra sé ekki í gegnum mismunandi aðildarfélög eins og nú er í flestum tilvikum. Ennfremur er lagt til að búgreinafélögin sameinist Bændasamtökunum og þannig megi samþætta starfsemina betur og auka þannig hagkvæmni, skilvirkni og slagkraft samtakanna. Búnaðarsambönd verði áfram landshlutabundin samtök bænda og sinni skýrt skilgreindum verkefnum.

7. Umræður um erindi Oddnýjar.

Kjartan Ólafsson taldi Bændablaðið mjög gott, nýta þyrfti betur Stóra-Ármót til tilraunastarfsemi og skoða þyrfti vel aðkomu búnaðarsambanda að fyrirhuguðum samtökum bænda. Spurði út í starfsemi RML og tengsl þess við bændur.

Egill Sigurðsson taldi að það væri verið að ýta búnaðarsamböndum til hliðar, ætti að nýta betur sterka stöðu þeirra. Fannst þó ýmislegt gott í kynntum tillögum. Samstaða væri nauðsynleg en alltaf myndu þó hagsmunir einstakra búgreina rekast á að einhverju leyti.

Fannst að tengja ætti áhrif innan kerfisins við upphæð félagsgjalds.

Erlendur í Skarði sagði verkefni hafa verið að færast frá búnaðarsamböndum síðastliðin ár. Ræddi um starfssemi RML og hvort hugsanlega ætti að færa ráðgjafastarfið heim í hérað til búnaðarsambanda aftur.

Jóhann Nikulásson taldi að kynna þyrfti þessar tillögur um nýtt skipulag félagskerfis betur og þær væru ekki nógu mikið unnar ennþá. Tók undir nauðsyn á samstöðu bænda en lagði áherslu á fjárhagslega öflug samtök og samvinnu við afurðasölufyrirtæki. Vildi nýta búnaðarsamböndin betur í nýju skipulagi.

Oddný svaraði framkomnum spurningum og vangaveltum. Taldi málið nokkuð vel kynnt og vel unnið í góðu samstarfi við búgreinafélög enda mest að sækja með aukinni samþættingu þeirra og BÍ.

Einnig væri hægt að skoða betur hvernig RML tengist best væntanlegum heildarsamtökum.

Gunnar Þorgeirsson formaður BÍ taldi að skilgreina ætti vel hver verkefni búnaðarsambanda ættu að vera. Leist ekki á vel á að veltutengja atkvæðavægi til Búnaðarþings.

Haraldur Einarsson minnti á nauðsyn þess að félagsgjald til samtakanna tryggi fjárhagslegan ávinning félaga og sér ákveðin tækifæri í nýju skipulagi.

Trausti Hjálmarsson þakkaði góðan reksur á fyrirtækjum BSSL. Hann taldi margt gott í nýjum tillögum um félagskerfi og hvatti stjórn BSSL til að vinna að framgangi málsins.

Samúel í Bryðjuholti taldi að bara ein leið ætti að vera fyrir fulltrúa inn á Búnaðarþing.

Egill Sigurðsson ræddi betur um atkvæðavægi og einnig að hagtölusöfnun í landbúnaði þyrfti að bæta. Páll Eggertsson á Mýrum vildi auka beint lýðræði við kosningar á fulltrúum á Búnaðarþing.

Gunnar Eiríksson þakkaði góða kynningu á málinu. Lagði áherslu á skýra verkaskiptingu búnaðarsambanda, RML og BÍ. Ræddi einnig um skipan Fagráðs í nautgriparækt og taldi Sunnlendingu standa þar höllum fæti um þessar mundir.

Oddný svaraði. Taldi 5 manna stjórn duga ef Búgreinaráð væri í góðum tengslum við stjórnina. Sagði frá vinnu hóps um verkefni Búnaðarsambanda og taldi nauðsynlegt að þau störfuðu áfram sökum þekkingar á aðstæðum í heimahéraði.

Aðild að BÍ er nú þegar í boði sem bein aðild bónda. Vildi fara varlega í að tengja áhrif við veltu. Lagði áherslu á að það þjónustustig sem hægt væri að bjóða upp á í nýjum samtökum færi eftir þeim slagkrafti sem þau fengju.

Gunnar Þorgeirsson formaður BÍ þakkaði fundarmönnum málefnalega umræðu.

8. Tillaga lögð fram

Tillaga frá stjórn um óbreytt árgjald fyrir árið 2020 eða kr 6.000 á félagsmann

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum án umræðu.

9. Kosningar.

